


Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

Íslenskur upplýsingatækniðnaður

Aukablað Íslensks iðnaðar • Desember 2002



Framtíðarsýn íslensks upplýsingatækniðnaðar 2006:

Við mótum framtíð okkar

„Við mótum framtíð okkar og verðum því að hafa sýn á hvernig við viljum sjá hana fyrir,“ segir Ingvar Kristinsson, formaður Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, um þá framtíðarsýn sem Samtök iðnaðarins og SÍH hafa sett íslenskum hugbúnaðariðnaði árið 2006. Stefnumótunin fór fram á fundi sem Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja héldu í Bláa lóninu í sl. vor. Þátttakendur voru um fjórtíu frá aðildarfyrirtækjum, fjárfestum, háskólum og opinberum aðilum. Stjórn SÍH vann úr niðurstöðum fundarins og skipaði hóp til að móta endanlegar tillögur.

„Við mótuðum fyrst framtíðarsýn fyrir greinina árið 1998 þegar við vorum að blása lífi á ný í hagsmunasamtök okkar og horfðum

þá til ársins 2002,“ segir Ingvar. „Margt af því sem við settum fram þá hefur gengið eftir. Sumt vegna þess að við gátum haft áhrif á það; annað gerðist án okkar atbeina, til dæmis að það þætti jafnsjálfsagt að vera tengdur og að eiga síma. Við sáum fyrir okkur að litið yrði á upplýsingatækni sem einhvers konar stóriðju. Þegar við unnum að stefnumótun á þessum tíma hafði íslenskur hugbúnaðariðnaður haft fimm milljarða króna tekjur árið áður. Við settum markið við 20 milljarða árið 2002. Það hefur gengið eftir. Árið 1997 var áliðnaður með um 18 milljarða tekjur og við settum markmið okkar í samhengi við það og sendum þau skilaboð að þekkingin væri verðmæti sem menn gætu beislað. Auðvitað erum við með miklu fleiri starfsmenn en eitt álver og störfín verðmæt-

Framh. bls. 3

Meðal efnis:

Hvaða lægð eru menn að tala um?

Ingvar Kristinsson

3



Hver er stefna stjórnmalaflokkanna varðandi uppbyggingu UT- og þekkingariðnaðar á Íslandi?

4-8



- Vilhelmur Jónsson, formaður SÍ
- Svanfríður Jónsdóttir, Samfylkingunni
- Drífa Snædal, Vinstrihreyfingunni grænu framboði
- Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki
- Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokki
- Margrét Sverrisdóttir, Frjálslynda flokknum

UTS-2002

Upplýsingatækni í þjónustu opinberra aðila

9



Starfað af einhug og áhuga

Stjórn SÍH

10

Evrópa setur markið hátt

10-11

Almenn sátt um hagsmunagæslu greinarinnar

Guðmundur Ásmundsson

11



Ingvar Kristinsson, formaður Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja:

Hvaða lægð eru menn að tala um?

„Menn eru að velta því fyrir sér hvort lægðin sé búin en ég spyr: Hvaða lægð?“ segir Ingvar Kristinsson, formaður Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja þegar hann er spurður um mat á stöðu og horfum hjá íslenskum UT-fyrirtækjum.

„Að vísu er augljóst að það er lægð í verðmæti þessara fyrirtækja og ég er ekki viss um að við séum komin út úr því ástandi en af hverju stafar sú lægð? Við erum að horfa á vöxt í greininni. Síðastliðin fjögur ár hefur hún vaxið gríðarlega, engin grein á Íslandi hefur vaxið jafnhratt. Vitaskuld hefur afkoman ekki verið góð en við höfum byggt upp starfsemi erlendis og fjárfest í nýjum lausnum og nýjum vörum. Það er ekki eðlilegt að gera kröfu til að þetta skili arði strax. Ég veit ekki til þess að neinu fyrirtæki hafi á fjórum árum tekist að skila arði af fjárfestingu í nýjum vörum, rannsóknum, þróun og



markaðssetningu erlendis. Þótt lægð sé í verðmæti fyrirtækjanna og afkoman óviðunandi verða menn að setja hlutina í samhengi við það hvað fyrirtækin hafa verið að gera. Ég tel eðlilegt að búast við að það taki tvö til fimm ár til viðbótar að ná viðunandi arði af þeim fjárfestingum.“

Hefur greinin aðgang að nægilegu fjármagni?

„Þau fyrirtæki, sem nú standa að þorra útflutningsins, hafa góðan heimamarkað sem stendur undir fjárförf en vissulega gengju hlutir hraðar fyrir sig ef fjármálamarkaðirnir yrðu opnaðir. Hér höfum við ekki virkan hlutabréfamarkað. Hlutabréfamarkaður með hátækni hefur lotið eigin lögmálum. Á hefðbundnum hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum gera menn ráð fyrir 15-20% ávöxtun hlutabréfa og taka hana út í arði og eðlilegri hækkun á innra verðmæti félags. Á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur verið krafist að minnsta kosti 30-40% ávöxtunar. Þeirri kröfu verður að ná niður. Hérlandis fá bankarnir jafnvel 15-20% ávöxtun af útlánastarfsemi sinni og meðan svo er fjárfesta þeir ekki í hlutafé. Það segir sig sjálft.“

Hvernig er núverandi staða fyrirtækja í íslenskum hugbúnaðariðnaði?

„Hún er mjög misjöfn og fer eftir eðli fyrirtækjanna. Sum fyrirtæki, t.d. við hjá Landsteinum sem erum í viðskiptalausnum, eru á mettum markaði hér heima en eiga næg tækifæri erlendis á vaxandi markaði. Aðrir bjóða sértækari lausnir, hafa næg verkefni hér heima og spennandi þróun í gangi. Ég tel að það hafi orðið örlítil veltuaukning milli árána 2001 og 2002 og að umfang starfseminnar sé óbreytt milli ára. Ég reikna með að afkoman sé skárri en 2001 og menn sjái bata af hagræðingaraðgerðum ársins 2001 þótt ekki hafi tekist að stöðva tapreksturinn. Auðvitað verður að skila ásættalegum hagnaði til þess að innri vöxtur sé í greininni. Fyrirtækin hafa verið að fækka fólki og auka veltu á hvert starf en það þarf alltaf að bíða eftir hagnaði af slíku. Vonandi tekst okkur að reka greinina með hagnaði í heild sinni á næsta ári. En ekki má gleyma því að gríðar-

leg fjárfesting hefur átt sér stað. Ef menn væru að horfa á eitt fyrirtæki, sem hefði vaxið úr sjö milljarða veltu í tuttugu milljarða veltu á fjórum árum, væri klárt að slíkt fyrirtæki, sem einbeitti sér að þróun og innri vexti, skiladi ekki hagnaði.

Fyrirtækin hafa tekið mjög vel til í sínum rekstri og þau, sem eru að horfa í kringum sig á erlendum markaði og hafa góðan og öflugan heimamarkað, gera það ágætt. Hlutfall staðlaðs hugbúnaðar í útflutningi eykst stöðugt. Það þýðir að við erum æ meir að hverfa frá því að selja vinnustundir en seljum þess í stað frekar staðlaðar lausnir og staðlaðan hugbúnað. Þá fyrst fara menn að sjá hagnað.

Þannig að þegar spurt er hvort lægðin sé búin þá bið ég menn að horfa á tölur. Greinin hefur vaxið örar en nokkur önnur undanfarin fjögur ár. Veltan eykst, útflutningur eykst, störfum hefur fjölgað nema árið 2001 og reksturinn batnar stöðugt þótt afkoma ársins 2001 hafi verið slök. Að vísu gengur erfiðlega að fá peninga og það er lægð í verðmæti fyrirtækja en hver metur það? Er verðið ekki bara að komast niður á það stig sem eðlilegt gat talist? Er það lægð að menn geti ekki selt hlutabréfin sín? Sjálfsagt má segja það en þeir sjóðir, sem fjárfestu í hlutabréfum og gerðu fyrirtækjunum kleift að þróast og leita á erlenda markaði, eiga eftir að njóta ávaxta af því.

Áður voru menn duglegir að verðmeta fyrirtæki út frá væntingum, hvað þau væru að gera og hvaða tækifæri þau ættu. Nú eru menn komnir í öfgarnar á hinum vængnum og verðmeta fyrirtækin út frá sagnfræði; horfa bara á hvað gert hefur verið og hvernig staðan er núna án þess að skoða það sem er framundan. Við hjá SÍH höfum unnið að því í tvö ár að gera tillögur að samræmdum þekkingarreikningsskilum og höfum leitað aðstoðar Háskóla Íslands við að meta þær tillögur og hefja prófun á fyrirtækjum sem gera þekkingarreikningsskil. Við sjáum fram á að heil atvinnugrein, eins og hugbúnaðariðnaðurinn, geti farið að gera upp sín þekkingarreikningsskil á samræmdan hátt þar sem væntingum stjórnenda og sagnfræðinni er blandað saman og vegið og metið hvaða verðmætum fyrirtækin búa yfir í þeirri þekk-



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Desember 2002
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 04.12.02
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019


Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðmundur Ásmundsson
Efnisstjórn: AP almannatengsl
Hönnun: Brynjar Ragnarsson
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

ingu sem þau eiga. Þar er horft á hluti eins og vörumerki, markaðsvild, fjöldi viðskiptavina, fjöldi starfsmanna með háskólapróf og fleiri verðmæti sem ekki verða færð til fjár ein og sér. Þetta er verkefni sem við ætlum að ljúka á þessu starfsári.

Við höfum nýlengi við verkefni sem hafið var í framhaldi af útboði á nýju fjárhagskerfi ríkisins. Menn höfðu lengi verið óánægðir með verklag í opinberum útboðum, kvartað undan illa grunduðum útboðsgögnum og ómarkvissu vinnuferli en þetta útboð fyllti mælinn. Ríkiskaup voru reiðubúin að vinna í þessu verkefni með okkur og við höfum farið með þeim yfir verklagið og voru niðurstöðurnar kynntar nýlega. Við væntum þess að í kjölfar þeirrar vinnu verði teknar upp nýjar verklagsreglur þar sem menn ná betri árangri fyrir verkkaupa og meðhöndla alla verkþjóðendur jafnt. Að hluta til eru Ríkiskaup þegar farin að vinna í samræmi við niðurstöður okkar. Við væntum þess að þetta skili betri árangri og að það geti líka nýst á almennum markaði.

Við höfum einnig mikið unnið að skattamálum, tókum m.a. þátt þeirri vinnu á vegum Samtaka atvinnulífsins. Sú vinna leiddi beint eða óbeint til lækkunar tekjuskatts hjá fyrirtækjum en virðisaukaskattsmálið hefur verið langtíma verkefni okkar í skattamálum og enn fremur sú staðreynd að við erum með 24,5% klafa á herðunum þegar kemur að hugbúnaðargerð og þjónustu við banka, tryggingafélög og opinber fyrirtæki. Þessi fyrirtæki losna ekki við innskattinn sem til fellur í viðskiptum við hugbúnaðarfyrirtæki og byggja því upp eigin tölvudeildir. Reglugerðin, sem skattfyrirvöld eiga að starfa eftir, er mjög skýr að því leyti að þessum fyrirtækjum ber að hafa aðgreint bókhald og skila virðisaukaskatti af innri hugbúnaðargerð og þjónustu en það er ekki gert. Af hverju ríkisskattstjóri fylgir þessu ekki eftir veit ég ekki. Fjármálaráðherra hefur margsinis lýst vilja til úrbóta og undanfarnar vikur hafa iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra lýst vilja til að kynna sér málið og taka það upp. Við lítum á þetta sem samkeppnismál og viljum að tekið verði



á þessu líkt og gert var með tæknideildir sveitarfélaga og kaup sveitarfélaga á sérfræðiþjónustu þegar virðisaukaskatturinn var tekinn upp. Þarna verður ríkið af hundruðum milljóna króna en fyrst og fremst teljum við okkur hafa hæfileika og getu til að sinna hugbúnaðargerð og þjónustu fyrir banka, fjármálastofnanir og opinber fyrirtæki og það verðum við að gera á jafnréttisgrundvelli en ekki með þennan 24,5% klafa um hálsinn."

Framhald af forsiðu:

ari. Við sáum líka fyrir okkur að fyrirtækin mundu stækka og eflast og það hefur klárlega gengið eftir.

Árið 2002 fannst okkur kominn tími til að móta aðra framtíðarsýn og horfa til ársins 2006. Þá sjáum við fyrir okkur að stöðugleiki einkenni þessa grein og að starfsmenn geti notið góðra lífskjara. Við sjáum fyrir okkur að upplýsingatækniiðnaðurinn skili 10% af þjóðartekjum, sem þýðir að hlutfallið tvöfaldist frá því sem nú er."

Hvernig getur þessi framtíðarsýn orðið að veruleika?

„Auðvitað verður útflutningur að aukast ef þetta á allt að ganga eftir og afkoman að stórbatna. Við höfum sett saman verkefna-lista en þar er að finna þau verkefni sem við getum haft áhrif á og teljum nú brýnust. Þar er efst á blaði að við fáum tækifæri til að vinna að þróun og lausnum á öllum sviðum íslensks atvinnulífs, - að okkur sé ekki haldið fyrir utan fjármálagirann og opinber fyrirtæki og stofnanir eins og nú er vegna virðisaukaskatts. Eins viljum við sjá að menn skrífi ekki fyrir fjárfestingar í greininni. Okkur miðar of hægt ef fyrirtækin geta ekki fjármagnað fjárfestingar í þróun á nýjum vörum og markaðsstarf erlendis með eigin rekstri. Við viljum að greinin fái innspýtingu



með tveggja milljarða króna framlagi í sérstök verkefni til eflingar UT-fyrirtækjum til að hlúa að vaxtarsprotum og til að treysta útrásina. Í því skyni þarf bæði að nýta Nýsköpunarsjóð, Framtakssjóðina og sjóði Rannsóknarráðs. Við viljum að íslensk fyrirtæki í hugbúnaðariðnaði taki þátt í rannsókn- og þróunarstarfi í samstarfi við erlend fyrirtæki. Þau geta nýtt sér rannsókn- og þróunarsjóði Evrópusambandsins til að fjármagna slík verkefni og skapa sér um leið tækifæri til að koma sér á framfæri erlendis. Eins þurfa fyrirtækin að huga að tækifærum í samstarfi við erlend stórfyrirtæki í rannsókn-, þróunar- og markaðsstarfi.

Við viljum líka sjá ákveðinn hvata frá stjórnvöldum með skattaívilnunum vegna rannsókn- og þróunarstarfs og markaðs-sóknar erlendis. Slíkar ívilnanir hjálpa okkur ekki nema við skilum hagnaði en það ætlum við okkur og munum gera til lengri tíma. Ef við töpum peningum kostar það ríkið heldur ekki neitt að veita slíkar ívilnanir.

Annað sem vantar er erlend fjárfesting inn

í þessa grein en erlendir aðilar hafa ekki áhuga á að fjárfesta á íslenskum markaði til að selja Íslendingum lausnir. Til þess er markaðurinn of lítill. En þeir kunna að hafa áhuga á að fjárfesta í þeim verkefnum og lausnum sem við erum að þróa fyrir íslenskt atvinnulíf, með það í huga að markaðssetja á stærra markaðssvæði. Til þess að verða gjaldgeng í alþjóðaumhverfi verðum við að hafa samkeppnisforskot. Það felst í fram-sæknu, íslensku atvinnulífi og íslenskum heimamarkaði sem við getum nýtt til að þróa íslenskar lausnir og pakka þeim inn fyrir erlendan markað. Við höfum sýnt að það getum við gert hraðar en aðrir í kringum okkur. Við þurfum að laða að stórfyrirtæki til að nýta sér þetta umhverfi til þess að þróa næstu kynslóð upplýsingatækni, sjálfum sér og íslenskum upplýsingatæknifyrirtækjum til hagsbóta. Íslensku fyrirtækin munu auðvitað aldrei keppa um lausnir við stórfyrirtæki á borð við Microsoft, IBM og Oracle en á þessum markaði er fjöldinn allur af litlum matarholum sem við eigum að nýta okkur til að sækja fram."

Nánari upplýsingar um stöðu greinarinnar og framtíðarsýn:
www.ut.is

Málþing Samtaka iðnaðarins á Agora:



Hver er stefna stjórn málaflokkanna varðandi uppbyggingu upplýsingatækni- og þekkingariðnaðar á Íslandi?

Áfram

Stöðva?

Þeirrar spurningar var spurt á málþingi Samtaka iðnaðarins á Agora. Framsögumenn frá öllum stjórn málaflokkunum fluttu framsögu en að því loknu stýrði Elín Hirst pallborðsumræðum með fyrirspurnum úr sal. Þátttakendur í málþinginu voru Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, Jónína Bjartmarz, alþingismaður fyrir hönd Framsóknarflokks, Svanfríður Jónasdóttir, alþingismaður, fyrir hönd Samfylkingarinnar, Drífa Snædal, fyrir hönd Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs og Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins.

Vilmundur Jósefsson, formaður SI:

UT-fyrirtæki una ekki lengur ójöfnuði í samkeppni við opin- berar tölvudeildir


Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, sagði í setningarávarpi málþings um stefnu stjórn málaflokkanna í málefnum upplýsingatækni- og þekkingariðnaðar að Samtök iðnaðarins hefðu frá upphafi lagt ríka áherslu á að móta sér skýra stefnu í nánú samráði við félagsmenn. „Stefna, markmið og einstök verkefni hagsmunasamtaka eins og Samtaka iðnaðarins þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og taka mið af síbreytilegum aðstæðum í rekstrarumhverfi iðnaðarins.“



SI
Samtök iðnaðarins

Vilmundur gat þess að Starfsgreinahópur Samtaka iðnaðarins í upplýsingatækniðnaði hefði mót- að sér stefnu til framtíðar á fundi með þátttöku fulltrúa 30 helstu UT-fyrirtækja á Íslandi auk nokkurra fulltrúa úr stjórnsýslunni. „Sú stefnu- mótun var unnin eftir markvissu ferli sem þróað hefur verið innan Samtaka iðnaðarins. Þar var mótuð framtíðarsýn greinarinnar til ársins 2006 og rætt hvernig færa mætti greinina nær þeirri sýn eða bæta forsendur hennar.“

Að lokum sagðist Vilmundur vilja nota tæki- færðið til að auglýsa eftir afstöðu fulltrúa þingflokka til greiðslu virðisaukaskatts af starfsemi tölvudeilda opinberra stofn- ana og fjármálafyrirtækja. „Það verður ekki lengur þolað að slíkar tölvudeildir greiði ekki virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Það skýtur skökku við að opinberar stofnanir og fjár- málafyrirtæki fái slíkt forskot sem raun ber vitni á tímum einkavæðingarhugsunar.“ Að því mæltu sagði Vilmundur málþingið sett.



**Svanfríður Jónasdóttir, þingmaður
Samfylkingarinnar:**

Við leggjumst á árarnar

Svanfríður sagði m.a. að í stefnu Samfylkingarinnar væri gert ráð fyrir stóru aukinni fjárfestingu í menntun og frumkvæðisstyrkjum á sviði rannsókna og þróunar. Þá vildi Samfylkingin að settar yrðu reglur sem hvetja til að fjárfest verði í sprotafyrirtækjum og að eflidir verði nýsköpunarsjóðir sem veita víkjandi áhættulán. Þá minnti hún á að sú stefna flokksins að leggja á auðlindagjöld stuðlaði að jafnari samkeppnisstöðu atvinnugreina og að sama markmið byggði að baki stefnu flokksins um að sameina hin ólíku atvinnuvegaráðuneyti landsins í eitt.

Í máli Svanfríðar kom fram að Samfylkingin hefði mikinn áhuga á að stjórnvöld stuðluðu að því að ný samskiptatækni nýttist sem best og flokkurinn vildi stuðla að eflingu fjarkennslu og fjarvinnslu. Hún sagði að Samfylkingin hefði barist fyrir að grunnnet Landssímans yrði skilið frá samkeppnisþáttum. Gagnrýni Samfylkingarinnar á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og hinn geigvænlega viðskiptahalla hefði tekið mið af hagsmunum þekkingariðnaðar. Sú gagnrýni hefði átt við rök að styðjast enda hefði hin tifandi tímasprengja, sem flokkurinn talaði um í þessum sambandi, sprungið framan í sprotafyrirtækin. Svanfríður sagði Samfylkinguna stefna að bættum samskiptum Íslands og Evrópu og vilja tryggja fullt aðgengi og þátttöku í innri markaði Evrópu fyrir allan íslenskan iðnað.



Samfylkingin

Svanfríður sagði að flokkurinn vildi gera skattaumhverfið vinveittara vaxtargreinum í atvinnulífinu og hann hefði lagst gegn hækkun tryggingagjalds enda hefði sú lækkun tekjuskatts, sem kom á móti, ekki nýst vaxtargreinum og sprotafyrirtækjum. Svanfríður sagði að sú framtíðarsýn, sem Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja hefðu mótað sér til ársins 2006, væri áhugaverð. Hér á landi væri einstök aðstaða sem gæfi forsendur til að hægt væri að ná miklum árangri, meðal annars vegna tækni- og menntunarstígs þjóðarinnar sem væri fljót að tileinka sér nýjungar. Stjórnvöld þyrftu einnig að starfa á grundvelli framtíðarsýnar þar sem stuðst væri við markvissar áætlanir og vaxtargreinum væri tryggður aðgangur að fjármagni. „Fyrirtækjum þarf almennt að tryggja gott starfsumhverfi og Samfylkingin vill leggjast á árarnar með aðilum í upplýsingatækni- og þekkingariðnaði til að íslenskur hugbúnaðariðnaður megi búa við sem best þróunar- og rekstrarskilyrði,“ sagði Svanfríður Jónasdóttir, alþingismaður.



**Drífa Snædal, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar
græns framboðs:**

Jafnt aðgengi lands- manna að grunnneti lykilatriði

Drífa sagði m.a. að flokknum væri metnaðarmál að Íslendingar nýttu tækifæri í upplýsinga- og þekkingariðnaði til framþróunar.

Undirstaða stefnu Vinstri grænna væri jöfnuður og flokkurinn teldi að sú hætta væri fyrir hendi að bilið ykist enn milli ríkra og fátækra vegna mis-munandi aðgengis að upplýsingatækni og það væri orðið ávísun á nýja stéttaskiptingu sem skipaði einstaklingum, fyrirtækjum og þjóðum í fyrsta og annan flokk. Til að vinna gegn slíkri þróun legði flokkurinn áherslu á jafnt aðgengi allra Íslendinga að grunnneti og í því skyni hefðu Vinstri grænir lagt fram þingmál um að gert yrði átak til að breiðbandsvæða landið.

Þá hefði flokkurinn lagt fram tillögur um aðgerðir til stuðnings við lítil og meðalstór fyrirtæki og tillögu um 12 ára samfelld grunnnám í landinu en það væri liður í því að draga úr stéttaskiptingu og tryggja jafnt aðgengi og jafna möguleika og tækifæri. „Í atvinnumálafestefnu Vinstri grænna er lögð áhersla á aðstoð við sprotafyrirtæki og að tryggja þeim aðgengi að fjármagni. Uppbygging í upplýsingatækni er þar ofarlega á blaði. Slík áhersla í atvinnumálum er umhverfisvæn og í samræmi við byggðasjónarmið flokksins,“ sagði Drífa Hjartardóttir.



**Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra,
Sjálfstæðisflokki:**

Mál UT-iðnaðar sífelld viðfangsefni

Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra, sagði að upplýsinga- og fjarskiptatækni hefði verið viðfangsefni í málefna-
starfi Sjálfstæðisflokksins um langt skeið. Málefnaeign
um upplýsingatækni starfaði af krafti innan flokksins og
væri að hefjast handa við stefnumótunarvinnu fyrir lands-
fund í vor. Flokkurinn hefði haldið opna fundi þar sem for-
ystumenn úr greininni hefðu haft framsögu um þau málefni
sem efst eru á baugi hverju sinni. Þar hefðu komið fram
hugmyndir og tillögur sem hefðu haft veruleg áhrif á stefnu
flokksins.




Ráðherra vitnaði í ályktun síðasta landsfundar
þar sem segir að flokkurinn vilji stuðla að því að
Íslendingar verði áfram í fararbroddi við að hag-
nýta og þróa upplýsingatækni í þágu bættis
mannlífs og aukinnar hagsældar. Með almennum
aðgerðum verði mótaðar kjöraðstæður fyrir upp-
lýsingatæknigreinar, stofnun fyrirtækja á tækni-
sviði, tilraunir með nýja tækni og rannsóknir og
þróun. Tryggður verði stöðugleiki í efnahagslífinu
og samkeppnisfært skattaumhverfi fyrirtækja.
UT-iðnaðurinn vaxi og styðji við og styrki upp-
byggingu annarra atvinnugreina. Farsæla þróun

UT-iðnaðar megi meðal annars þakka það að afskipti ríkisins af
greininni hafi verið í lágmarki. Leggja þurfi áherslu á að svo verði
áfram til að tryggja áframhaldandi öfluga þróun hans. Tryggja
þurfi að skattaumhverfi greinarinnar standist alþjóðlega sam-
keppni.

Tómas Ingi sagði að stofnanir ríkis og sveitarfélaga væru stórir
viðskiptavinir UT-fyrirtækja. Miklu skipti hvernig opinberar stofn-
anir nýti tæknina til að bæta þjónustu og til hagræðingar.

Þá sagði Tómas Ingi að rannsóknir og kraftmikið þróunarstarf
væru nauðsynlegar undirstöður þekkingariðnaðarins. Sjálfstæðis-
flokkurinn legði áherslu á að rannsóknir og þróun á sviði upp-
lýsingatækni fengju aukið vægi og skapaðar yrðu kjöraðstæður
fyrir frumkvöðla.

Tómas Ingi sagði að í ríkisstjórnartíð sinni hefði Sjálfstæðis-
flokkurinn hrundið stefnu sinni í framkvæmd með því að tryggja
traust efnahagsumhverfi, lækkun tekjuskatts á fyrirtæki, stofnun
þróunarverkefna og sjóða sem UT-iðnaður njóti góðs af. Lögum
hefði verið breytt og lagabreytingar væru á döfinni til að ryðja úr
vegi hindrunum fyrir aukinni notkun upplýsinga- og fjarskipta-
tækni. Starfað hefði sérstök verkefnisstjórn um upplýsingasam-
félagið á vegum forsætisráðuneytisins. Þá væri aukið vægi vís-
inda, rannsókna og þróunar boðað í vísindafrumvörpum sem lögð
yrðu fyrir Alþingi fyrir árslok.



**Jónína Bjartmarz, þingmaður
Framsóknarflokksins:**

Ríkisins að skapa um- hverfi fyrir frumkvöðla

Jónína Bjartmarz sagði m.a. að í stefnu Framsóknarflokks-
ins og ályktunum sæjust víða merki um að áhersla væri
lögð á mikilvægi upplýsingatækni og þekkingariðnaði fyrir
íslenskt atvinnulíf. Flokkurinn hafi hvatt til að stjórnvöld
efli ný þekkingarsvið svo sem líftækni, styðji stofnun fyrir-
tækja á þeim sviðum og efni til átaks í nýsköpun, fram-
leiðni og gæðastýringu.

Hún sagði að Íslendingar hefðu skipað sér í fremstu röð í
þessum málum. Fáar þjóðir hefðu t.d. yfir að ráða jafn mörgum
tölvum á hvern íbúa, farsímaeign væri mest hér á landi og aðgen-
gi að Netinu væri best á Íslandi meðal þjóða heims. Menntunar-
stig og öflugt hagkerfi ættu mestan þátt í þessari stöðu.

„Framlag Framsóknarflokksins til þessarar þróunar liggur ekki
síst í farsælli efnahagsstjórnun landsins undanfarin ár og hag-
stæðri skattastefnu. Það er í samræmi við þá stefnu flokksins að í
stað beinna afskipta og jafnvel þátttöku í atvinnulífinu ber ríkis-
valdinu að huga fremur að því að skapa umhverfi fyrir frum-
kvöðla,“ sagði Jónína.



**Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri
Frjálslynda flokksins:**

Menntun, fjarskipti, lýðræðisþróun

Margrét sagði að Frjálslyndi flokkurinn hefði ekki ályktað sérstaklega um upplýsingatækni hingað til. Upplýsingatækni tengdist mörgum málaflokkum og snerti stefnu flokksins varðandi menntamál, fjarskipti og margt fleira, ekki síst lýðræðisþróun þar sem lögð væri áhersla á rafrænar kosningar.

„Stjórnvöld hafa mikil áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja og eiga að styðja við frumkvöðla og smærri fyrirtæki. Það er hægt að gera með fjármögnun, t.d. gegnum Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins,” sagði Margrét. Hún sagði að flokkurinn vildi efla fjárveitingar til opinberra stofnana, menntastofnana og vísindastofnana svo að þær gætu eftir upplýsingatækni. „Það var allt í blóma meðan hlutabréfamarkaðurinn hafði trú, jafnvel oftrú, á fyrirtækjum. Menn klifuðu stöðugt á „nýja hagkerfinu,” sagði Margrét. Nú er því þveröfugt farið og stjórnvöld verða að styðja þessa nýsköpun, nú þegar hlutabréfamarkaðurinn stendur ekki undir henni.”



Að sögn Margrétar vill Frjálslyndi flokkurinn að skattkerfið sé hvetjandi fyrir nýsköpun og þróun. Stjórnvöld hafi þegar lækkað tekjuskattshlutfall fyrirtækja úr 30% í 18% og skattaívilnanir vegna tapreksturs hjálpi þeim fyrirtækjum sem komast yfir byrjunarhjallann og geta nýtt tap þegar fyrirtækið fer að skila arði. Skoða þurfi skattaumhverfi UT-fyrirtækja með sérstöku tilliti til samkeppnishæfni á alþjóðlegum markaði. Margrét sagði að Frjálslyndi flokkurinn vilji að Íslendingar efla rannsóknir og þróunarstarf og verði í fremstu röð í notkun upplýsingatækni. Íslendingar taki virkan þátt í evrópsku samstarfi og nýti sér möguleika á styrkjum sem bjóðast með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

„Frjálslyndi flokkurinn telur mjög mikilvægt að menntakerfið haldi í við þróunina og leggur áherslu á að efla menntakerfið og auka símenntun.” Margrét sagði að Frjálslyndi flokkurinn vilji að dreifikerfi Landssímans verði áfram í ríkiseign og ríkið selji aðgang að því til að tryggja að allir sitji við sama borð í því sambandi. Stjórnvaldsaðgerðir hafi mikil áhrif á það hvort okkur tekst að skapa mannauð og halda honum í landinu.

„Upplýsingatækniðnaður felur í sér í töluverðar breytingar á hefðbundnum starfsháttum fyrirtækja og stjórnvalda og því teljum við brýnt að kanna með skipulegum hætti hvaða lagalegu hindranir kunni að vera í veginum og hvaða lagalega umhverfi sé almennt æskilegt að búa upplýsingatækniðnaði. Lögin þurfa því að vera í sífældri endurskoðun til að mæta þeirri þróun. Lög og reglur þurfa að haldast í hendur við stórstígar framfarir á sviði rafrænna viðskipta, þar sem tryggja þarf öryggi og lögmæti viðskipta og vernd neytenda. Síðast en ekki síst verða lög og reglur að tryggja persónuvernd upplýsinga sem fluttar eru um fjarskiptakerfi,” sagði Margrét Sverrisdóttir.



Framsóknarmenn legðu áherslu á uppbyggingu menntastofnana sem allir landsmenn hefðu jafnan aðgang að. Á því sviði væri lagður grunnur að þekkingarsamfélagi nútímans. Þá hefði flokkurinn einnig átt þátt í að umbylta nýsköpunarumhverfi og úreldu sjóðakerfi á undanförunum árum. Stuðningur við rannsóknastofnanir atvinnulífsins og Iðntæknistofnun hefði aukist og einnig við lítil og meðalstór fyrirtæki. Jónína sagði að með nýrri byggðastefnu, þar sem upplýsingatækni væri einn af stóru áhersluþáttum, ykist samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni. Jafnt aðgengi allra landsmanna að hraðbraut upplýsingatækninnar, bæði tæknilega og kostnaðarlega, væri eitt af markmiðum byggðaaætlunar. Áhersla væri lögð á fjarnám og fjarkennslu. Byggðaaætlun gerði ráð fyrir uppbyggingu nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri og að á næstu fjórum árum yrði milljarði króna varið til nýsköpunar í atvinnulífi á landbyggðinni. Í byggðaaætlun væri einnig að finna verkefni þar sem sveitarfélögum yrði gert að sækjast eftir fjármagni til að byggja upp rafrænt samfélag. Þá gat Jónína þess að í haust yrði lagt fram nýtt vísindasamfélag og tæknifrumvarp sem ætlað væri að sameina enn frekar krafta vísindasamfélagsins og nýsköpunarstöðkerfisins hér á landi.



Pallborðsumræður um uppbyggingu UT-iðnaðar:

Tómas Ingi hyggst beita sér í vsk-málinu

Ójöfn samkeppnistaða hugbúnaðar-iðnaðarins gagnvart ört vaxandi tölvudeildum opinberra stofnana og fjármálafyrirtækja, sem ekki greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni þrátt fyrir að Ríkisskattstjóri telji að það beri að gera, settu svip á pallborðsumræðurnar. Þar vakti mesta athygli sú afdráttarlausu yfirlýsing Tómasar Inga Olrich að hann hygðist beita sér fyrir því að tekið yrði á þessu máli og úr því bætt hvort sem það kallaði á endurskoðun lagarammans eða eingöngu breytta framkvæmd.



Elín Hirst stjórnaði pallborðsumræðunni á málþinginu

Jónína Bjartmarz taldi að rétt væri að beina spurningum um virðisaukaskattsmálið til fjármálaráðuneytisins. Miðað við lýsingar forystumanna greinarinnar lægi réttarstaðan skýr fyrir en aðeins fjármálaráðuneytið gæti svarað fyrir hvernig skattayfirvöld hefðu haldið á fram-

kvæmd skatteftirlits.

Svanfríður Jónasdóttir rifjaði upp að í kjölfar Iðnpings 2001 hefði hún borið fram fyrirspurn til fjármálaráðherra á Alþingi um virðisaukaskattsmál hugbúnaðariðnaðarins. Svanfríður sagðist hafa haft á tilfinningunni að málið kæmi ráðherra í opna skjöldu. Hún hefði því búist við að í framhaldi af fyrirspurninni yrði málið tekið upp og skriður kæmist á eðlilega framkvæmd í skattkerfinu. Hún kvaðst fagna afdráttarlausri yfirlýsingu Tómasar Inga. Lögin væru skýr og þeim þyrfti að fylgja eftir í framkvæmd. Jafnframt þyrfti að setja reglur um aðskilnað tölvudeilda frá annarri starfsemi hins opinbera og fjármálafyrirtækja. Tryggja þyrfti að upplýsingatækniðnaðurinn væri ekki með 24,5% fótakfli í samkeppni við opinbera aðila.

Margrét Sverrisdóttir sagðist ekki telja rétt að færa hugbúnaðargerð í stofnunum hins opinbera alfarið út á markaðinn því að mikilvægt væri að nýta sérþekkingu starfsfólks t.d. í heilbrigðisgeiranum við gerð



hugbúnaðar og upplýsingakerfa.

Drífa Snædal sagði að betur færi á því að opinber fyrirtæki keyptu tilbúna lausnir af sprotafyrirtækjum en að þau framleiddu hugbúnað í eigin deildum.

Framtakssjóðir á skulda-bréfavöxtum

Fundarmenn óskuðu skýringa stjórn-

málamanna á því hvað orðið hefði um það fé sem ráðstafað var til framtakssjóða í því skyni að efla upplýsingatækniyrirtæki á landsbyggðinni í framhaldi af sölu á hlut ríkisins í Fjárfestingabanka atvinnulífsins árið 1999. Þeir peningar hefðu að litlu leyti skilað sér út í atvinnulífið og virtust enn bundnir í skuldabréfum.

Tómas Ingi Olrich sagði að skipst hefðu á skin og skúrir á fjármálamörkuðum eftir að framtakssjóðirnir voru settir á laggirnar. Á þeim tíma hefði verið ríkjandi almennt og óraunhæf bjartsýni hér á landi og annars staðar. Fjárfestar hefðu þrýst á að koma peningum sínum inn í greinina. Þessi þróun hefði gengið til baka og nú mætti segja að ríkti óraunhæf svart-sýni þótt efnahagslífið og fyrirtækin stæðu sterkari en áður eftir að hafa gengið í gegnum hreinsunareld undanfarinna missera. Nú væri nýtt hagvaxtarskeið framundan og ráðherrann sagðist hafa trú á að þess yrði ekki langt að bíða að aðgangur greinarinnar að fjármagni batnaði.

Svanfríður sagði að svo virtist sem framtakssjóðirnir gerðu svo miklar kröfur til ávöxtunar að þeir hefðu keypt spariskírteini fyrir alla peningana. Tími væri kominn til að selja spariskírteinin og gefa greininni innspýtingu með þessu fjármagni.

Jónína Bjartmarz sagði að hugbúnaðariðnaðurinn væri búinn að taka út vaxtarverki sína og eftir stæðu sterkari fyrirtæki. Hún sagði að upplýsingatækniyrirtæki þyrftu að gera sér grein fyrir að sá milljarður sem settur hefði verið í framtakssjóði væri mikill opinber stuðningur í samanburði við það sem aðrar atvinnugreinar nyttu og UT-fyrirtæki yrðu að vera viðbúin harðri samkeppni og andstöðu frá öðrum greinum við sértækar aðgerðir í hennar þágu.

Nánar um málþingið á www.ut.is

UTS 2002:

Upplýsingatækni í þjónustu opinberra aðila

Á UTS 2002, málþingi um upplýsingatækni í þjónustu opinberra aðila, fyrir-tækja þeirra og stofnana, gerðu sér-fræðingar innan stjórnsýslunnar grein fyrir nokkrum nýjungum á þessu sviði og hlýddu síðan á kynningu nokkurra aðildarfyrirtækja starfsgreinahóps SI í upplýsingatækni á þeim nýjungum og lausnum sem þau hafa að bjóða.

Hallmundur Albertsson lögfræðingur í samgönguráðuneytinu kynnti skýrslu starfshóps um kostnað við gagnaflutninga og eflingu fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu á Íslandi.

Niður með sólgleraugin

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri í Þingeyjarsveit og áður upplýsingastjóri Hafnarfjarðarbæjar, ræddi næstu skref rafrænnar stjórnsýslu og lagði m.a. áherslu á öryggi í meðferð gagna, gagnageymd og uppbyggingu þráðlauss grunnnets fyrir alla landsmenn.



Árangursmat hjá Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg er um þessar mundir að innleiða samhæft árangursmat með Balanced Scorecard. Kristín Kalmansdóttir stýrir verkefninu og sagði að samræming yfir allt borgarkerfið gerði kleift að tryggja samhengi í starfseminni og framkvæmd í samræmi við stefnuna. Árangursmælingar verða nýttar við ákvarðanatöku að sögn Kristínar.

Rafrænt markaðstorg

Rafrænt markaðstorg einfaldar og slípar innkaupaferla og stuðlar að beinum og óbeinum sparnaði. Ríkið hefur frumkvæði að gerð torgsins en það verður opið öllum fyrirtækjum og stofnunum. Óskar Borg, markaðsstjóri Ríkiskaupa, sagði að fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hefðu þegar tengst torginu.

Nýtt fjárhagskerfi

Á næstu mánuðum verður nýtt fjárhagskerfi innleitt í rekstri ríkisins og er það mesta fjárfesting sem ríkið hefur ráðist í á sviði upplýsingatækni. Stefán Kjærnested, varafjárslustjóri, sagði að með nýja kerfinu yrðu tekin upp stöðluð vinnubrögð. Kerfið byggist á Nettækni en meðal meginkosta þess er að notendur geta nýtt núverandi tölvubúnað sinn. Landspítali Háskólasjúkrahús er frumherji við innleiðinguna. Allar stofnanir ríkisins verða komnar inn í kerfið fyrir 2. apríl nk. en um áramót verður greiðslu- og bókhaldsþjónustuhluti

Kynning fyrirtækjanna á UTS 2002:



Atli Arason, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Skýrr hf., nefndi kynningu sína: Hverjum treystir þú?



Már Grétar Pálsson hjá Hug ehf. kynnti Agresso fjárhags- og upplýsingalausn.



TÖLVUMÍÐLUN

Daði Friðriksson, markaðsstjóri Tölvumíðlunar hf., fjallaði um hugbúnaðarlausnir til að halda utan um trúnaðarupplýsingar.



Kristján Sigurgeirsson hjá HV Gretti ehf. fjallaði um fyrirbyggjandi viðhaldsstjórnun.



Art Schalk frá Vef samskiptalausnum ehf. fjallaði um rafrænar kannanir.



Guðný Káradóttir, framkvæmdastjóri Gagaríns ehf., kynnti vefsíðuglugga að gögnum á vefnum.



Gunnar Tryggvason, forstöðumaður hýsingarsviðs EJS hf., fjallaði um hýsingu og hýsingarlausnir.



Ragnar Þorgeirsson frá Hugviti hf./GoPro fjallaði um framsækna alþjóðlega þróun og íslenskt hugvit í norrænni stjórnsýslu.



Halldór Másson, markaðsstjóri Margmiðlunar, kynnti efnisumsýslu á nýrri öld.

Ýtarlegri frásögn af erindum og kynningum á UTS 2002 er að finna á www.ut.is

Stjórn Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja:

Starfað af einhug og áhuga

Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja héldu aðalfund sinn á Agora sýningunni. Í skýrslu stjórnar fór Ingvar Kristinsson, formaður samtakanna, yfir starfið á liðnu ári. Fram kom að stjórnin hefði starfað af einhug og áhuga. Meðal helstu mála var mótun framtíðarsýnar fyrir greinina til ársins 2006, samstarf við Ríkiskaup um mótun nýs verklags um framkvæmd opinberra útboða og vinna að úttekt, mati og prófun tillagna um samræmd þekkingarreikningsskil.

Stjórnin var endurkjörin á aðalfundi en Guðmundur Óskarsson hefur látið af störfum hjá Form.is og gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Í hans stað var kjörinn Guðmar Guðmundsson, fjármálastjóri Tölvu-Mynda. Aðrir í stjórn Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja eru: Ingvar Kristinsson, Landssteinum Ísland, formaður, Páll Freysteinnsson, EJS hf., Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun hf., Garðar Jóhannsson, Streng hf., Guðni B. Guðnason, ANZA hf. og Davíð Stefánsson Vef - samskiptalausnum ehf.

Ingvar Kristinsson, formaður SÍH, segir að þátttaka í starfi samtakanna hafi þýð-

ingu fyrir fyrirtæki í hugbúnaðar- iðnaði og upplýsingatækni. „Innan félagsins starfa fulltrúar fyrirtækja sem standa undir 70 –80% af veltu í greininni,” segir Ingvar. „Bara að stjórnin komi saman og velti fyrir sér þeim verkefnum, sem bæta hag greinarinnar og takist sameiginlega á um þau, hefur þýðingu og hefur skilað árangri t.d. í vinnu okkar að málum sem snerta ráðningarsamninga starfsfólks. Við byggjum á hugviti og hugverkum og það er afar mikilvægt að tryggja þau verðmæti með samningum við starfsfólk.

Við höfum einnig sótt á um breytingar á skattkerfinu, fundað um verklag í gæðamálum, mótað reglur um kauprétt starfsmanna og fleira. Enn eru fjölmörg mál sem við getum unnið saman að. Stjórnendur



fyrirtækjanna hafa sýnt mikinn áhuga á að sameinast um þessi verkefni vegna þess að menn ná litlum árangri ef þeir híma einir úti í horni. Sumt getum við leyst innan samtakanna, við önnur verkefni höfum við aðgang að Samtökum iðnaðarins og við enn önnur gagnast okkur að eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins. Með því að starfa með heildarsamtökum náum við miklu meiri slagkrafti en ella,” segir Ingvar Kristinsson, formaður SÍH.

Möguleikar á styrkjum úr UT-áætlunum Evrópusambandsins og aðstoð við umsóknir var umræðuefni fundar sem Samtök iðnaðarins gengust fyrir á Agora:

Evrópa setur markið hátt

„Við fjöllum um hvar Evrópa stendur á helstu sviðum upplýsingatækninnar,” segir Ebba Þóra Hvannberg þegar hún er beðin að lýsa starfi sínu í ISTAG hópnum, sérfræðingahópi vegna IST undirráætlunar sjöttu rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun. „Við fjöllum um hverjir eru styrkleikar og veikleikar Evrópu á ýmsum rannsóknasviðum og hvar væri gott að bæta við rannsóknum á sviði upplýsingatækni.”

ISTAG-hópurinn hefur starfað frá því fimmta rammaáætlun ESB gekk í gildi. Ebba Þóra mun sitja þar næstu tvö árin sem sérfræðingur ásamt um 40 leiðandi vísindamönnum, tæknifræðingum, verkfræðingum og iðnrekendum. Markmið starfsins er að tryggja að rannsókn- og þróunaráætlun Evrópusambandsins sé í takt við iðnaðinn og vísindasamfélagið.

Ebba Þóra segir að hópurinn hafi verið mjög virkur í starfi sínu og fái sérfræðinga úr ýmsum áttum til að fjalla um einstök mál-



efni í undirhópum. „Skýrslur hafa verið gefnar út um einstaka málaflokka eins og hugbúnaðartækni, öryggi og verndun upplýsinga. Þá hefur hópurinn haft mjög vakandi auga fyrir því hvernig litlum og meðalstórum fyrirtækjum vegnar og hvernig þau geta orðið virkir þátttakendur í rannsóknum,” sagði Ebba Þóra.

„Þær skýrslur, sem þegar hafa verið gefnar út, geta gagnast fyrirtækjum, sem eru að hefja rannsóknir, nýþróun eða jafnvel markaðssetningu, til að átta sig á styrkleika og veikleika

Evrópu á tilteknum sviðum. Mitt hlutverk í ráðgjafanefndinni er að fylgjast vel með og hafa áhrif á hvað sé vænlegt að rannsaka. Rannsóknasjóðurinn gefur út lýsingu á því hvers konar umsóknir hann vill fá frá rannsóknastofnunum. Lýsingin tiltekur hvert viðfangsefni rannsókna er, t.d. stjórnsýsla, öryggi á vegum, marghátta notendaviðmót eða eitthvað annað. Ráðgjafahópurinn

Guðmundur Ásmundsson, forstöðumaður starfsgreinahóps SI í upplýsingatækniðnaði:

Almenn sátt um hagsmunagæslu greinarinnar

Um fimmtán hundruð fyrirtæki, allt frá einyrkjum til álvera, eiga aðild að Samtökum iðnaðarins sem eru stærsta aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins. Samtök iðnaðarins og starfsgreinahópur samtakanna á sviði upplýsingatækniðnaðar héldu uppi öflugum starfi á Agora og kynntu fyrirtækjum starf SI og ávinning þeirra af aðild. „Okkur er mjög í mun að hafa sem flest fyrirtæki í upplýsingatækni innan vébanda SI til þess að áhrif okkar geti orðið sem mest gagnvart opinberum aðilum og í þjóðfélagsumræðunni,” segir Guðmundur Ásmundsson, forstöðumaður starfsgreinahóps SI í upplýsingatækniðnaði. „Við leggjum áherslu á að rödd greinarinnar heyrist sem víðast.”

Samtök iðnaðarins hófu markvisst starf að málefnum upplýsingatækniðnaðarins árið 1998 en sérstakur starfshópur var formlega stofnaður árið 2000. Frá þeim tíma hefur aðildarfyrirtækjum fjölgað úr 10 í 35 og enn má búast við fjölgun í kjölfar Agora-sýningarinnar. „Við teljum að þessi fjölgun, sem orðið hefur á tímum mikillar hagræðingar og sameininga fyrirtækja, sé



Frétta- og upplýsingavefur íslensks upplýsingatækniðnaðar



Guðmundur Ásmundsson

til marks um að skapast hafi almenn sátt um fyrirkomulag hagsmunagæslu í greininni,” segir Guðmundur Ásmundsson.

Markviss hagsmunagæsla hefur aukið áhrif upplýsingatækniðnaðarins verulega á undanfö-

um árum. Tryggt er orðið að fulltrúar greinarinnar eigi aðild að helstu nefndum og ráðum sem starfa á vegum opinberra aðila og fjalla um mál sem tengjast UT-iðnaði. Þá hefur sameiginlegur slagkraftur fyrirtækja í greininni verið nýttur til að móta og endurskoða skýra stefnu og

framtíðarsýn sem lögð er til grundvallar vinnu að bættu starfsumhverfi greinarinnar.


Samtök iðnaðarins veita aðildarfyrirtækjum sínum margvíslega þjónustu, sem er innifalin í félagsgjöldum. Þar má nefna lögfræðiþjónustu, þjónustu við gæðastjórnun og markaðsmál, viðtæka þjónustu í starfsmanna- og vinnumarkaðsmálum, nýsköpunar- og þróunarstarf, staðlamál og menntamál. Hvað menntamál varðar eiga SI samstarf við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands um mat og þróun á því námi sem þar er í boði. Einnig miðla SI upplýsingum til aðildarfyrirtækja sinna á markvissan hátt með rafrænu fréttabréfi og sérstökum upplýsingavef. Þá eru reglulega haldnir upplýsingafundir um margvísleg hagsmunamál greinarinnar svo sem réttarstöðu fyrirtækja gagnvart samkeppni frá fyrverandi starfsmönnum og útboðsmál í upplýsingatækniðnaði. Þá er unnið markvisst starf á vegum SI við gerð þekkingarskýrsla fyrir UT- fyrirtæki þar sem skráð eru ófnisleg verðmæti sem bundin eru í fyrirtækjum svo sem mannauður, skipulagsauður og viðskiptaaúður,” segir Guðmundur.

gefur óháð ráð um stefnu, innihald og leiðir í rannsóknnum á sviði upplýsingatækni.

Undanfarin fjögur ár hefur ISTAG hópurinn sett sér tiltekin markmið um að hverju hann ætli að vinna. Þar er lögð áhersla á að fá upplýsingatæknina meira inn í umhverfið þannig að hún verði aðgengilegri en nú er og ekki bundin við tölvuskjá. Þannig er lögð áhersla á ívafin kerfi og tölvutæknibúnað eins og við þekkjum á sviði fiskvinnslu og í heilbrigðiskerfinu og hvers kyns rauntímakerfi þar sem reynir mjög á áreiðanleika og afköst kerfanna,” sagði Ebba Þóra.

Sigurður Guðmundsson, verkefnastjóri Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, gerði grein fyrir eContent áætlun Evrópusambandsins. Hún miðar að því að auka og bæta evrópskt efni á Netinu. Sigurður fjallaði um möguleika íslenskra fyrirtækja og stofnana til að fá styrk til að þróa viðskiptahugmyndir sem tengjast efni á veraldarvefnum.

Tæknin í upplýsingasamfélaginu nefndist erindi Snæbjörns Kristjánssonar, verkfræðings hjá tæknisjóði Rannís. Erindið fjallaði um IST undiráætlun í sjöttu rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun í ljósi fyrstu draga að vinnuáætlun 2002-2004.





Landsteinar

www.landsteinar.is



www.tristan.is

HUGVIT

www.hugvit.is



www.ejs.is



www.hugur.is



www.tolvumyndir.is



www.landmat.is



www.margmidlun.is

ANNATA

www.annata.is



www.menandmice.is



www.hreimur.is



www.ax.is



www.form.is



www.skyrr.is



www.spuni.is



www.vaki.is



www.gagarin.is



www.strengur.is



www.vks.is



www.mensmentis.is



www.audkenri.is



www.tm.is



www.origo.is



www.focal.is



www.fjarmal.is

TAUGAGREINING H.F.

www.nervus.is



www.anza.is



www.kerfisthroun.is



www.hugbun.is



www.grettir.is



www.im.is



www.nymidlun.net



www.vigor.is



www.vefur.is



www.teymi.is



www.theriak.is